

Sjötti fundur haldinn að Breiðabliki 26. ágúst 2020 að Breiðabliki kl. 21:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Katrín Gísladóttir sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Leitað var frávik vegna bréfs frá Hjálmarí Ævarssyni, það var samþykkt.

Dagskrá:

1. Fasteignagjöld, innheimta. Lagt til að liðnum verði lokað. Fært í trúnaðarbók.
2. Deiliskipulag vegna Miðhrauns 3, beiðni um breytingu á aðalskipulagi. Samþykkt að fara í breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins samkvæmt beiðni frá eigendum Miðhrauns II til samræmis við innsend drög að deiliskipulagi.
3. Skipulags og byggingarmál. Sveitarstjórn átti óformlegan fund með Ragnari skipulags og byggingarfulltrúa þar sem farið var yfir stöðu mála í sveitarfélaginu.
4. Deiliskipulag við Laugargerðisskóla. Samþykkt af sveitarstjórn, oddvita og skipulagsfulltrúa falið að hefja kynningarferlið.
5. Útisvæðið við Breiðablik. Samþykkt að fá Sigurstein til að hanna frekar svæðið.
6. Farið yfir viðhaldsmál í Laugargerðisskóla. Oddviti fór yfir það sem gert hefur verið í sumar en það er helst að sundlaugin og umhverfi hennar voru tekin í gegn og síðan var farið í að laga lagnir í skólaálmunni. Sveitarstjórn fór yfir það helsta sem er framundan í þeim málum.
7. Bréf frá Hjálmarí Ævarssyni og varðar refaveiði. Í bréfinu tilkynnir Hjálmar að hann vilji hætta sem ráðin grenjaskytta í sveitarfélaginu. Oddvita falið að skoða hvernig bregðast á við og leggja fyrir hreppsnefnd.

Fleira ekki gert og fundi slitið

Katrín Gísladóttir (sign)

Halldór Jónsson (sign)

Gísli Guðmundsson (sign)

Atli Sveinn Svansson (sign)

Eggert Kjartansson (sign)